



Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við setningu landsmóts UMFÍ
Egilsstöðum 13. júlí 2001

Kæru landsmótsgestir,
og allir sem komnir eru
víða að til að gleðjast
og keppa í þessu fagra héraði.

Við hefjum nú fyrsta landsmót ungmennafélagana á nýrri öld og heilsum þátttakendum á glæsilegum velli sem Austfirðingar hafa með metnaði og atorku tileinkað þessari miklu íþóttahátíð.

Þegar Ungmennafélag Íslands heilsar nýrri öld á svo glæsilegan og þróttmikinn hátt leitar hugur okkar aftur í tímann til þroskaára kynslóðarinnar sem reisti merki hreyfingarinnar í fyrsta sinn og gjörði hugsjón hennar að leiðarljósi lífs síns. Þá var Ísland enn háð erlendu valdi og fátækt og harðræði hlutskipti margra sem til sjávar og sveita glímdu við erfiði sérhvers dags. Héruðin bjuggu flest við fábrotnar samgöngur, atvinnulífið var einhæft og hvíldi víða á ótraustum grunni. Fjarrænn var sá draumur að Ísland yrði í framtíðinni sjálfstætt og frjálst og þjóðin fullráða í öllum málum, öðlaðist á grundvelli eigin getu virðingarsess í samfélagi þjóða heims.

Samt var hugsjón þeirra sem ungmennafélögin stofnuðu vítt og breitt um landið allt helguð þeirri lífssýn að Íslandi yrði flest til gæfu og innan tíðar yrðu framfarir í frjálsum landi til að gera þjóðina fullvalda í raun og sann.

Draumurinn rættist, reyndar gott betur, og ungmennafélögin voru burðarásar í sókninni til betra lífs, fjöldahreyfing sem átti rætur í ættjarðarást og áherslum á heilbrigði og hollustu í daglegum háttum, hreyfing sem sótti sífellt nýjan þrótt í keppni og leik þar sem markmiðið var ekki fyrst og fremst að bera sigur úr þítum heldur að taka þátt, að sem flestir væru með.

Á fyrsta landsmóti nýrrar aldar hugsum við með þakklæti til þeirra þúsunda sem helgað hafa hreyfingunni krafta sína og gleðjumst yfir glæsilegri sögu sem mótað hefur ríkulega íþróttalíf, menningu og þjóðhætti Íslendinga. Það var í rauninni kraftaverk hve miklu var áorkað hér á árum áður þegar

aðstæður allar til keppni og leiks voru næsta frumstæðar í samanburði við það sem við nú teljum sjálfsagt og eðlilegt.

Sú glæsilega umgjörð sem Austfirðingar haf hér skapað landsmótinu hefði á liðinni öld verið talin sæma þjóðarleikvangi í gæðaflokki. Það sýnir í reynd virðingu og þökk í garð ungmennafélaganna að heimamenn skuli hafa kosið að fagna landsmótinu með þessum hætti, mannvirkjum sem helguð eru ípróttum og heilbrigði æskufólksins.

Hún er fjölmenn sú sveit sem á landsmótum hefur skarað framúr og mörg eru metin sem sett hafa verið á keppnisvöllum ungmennafélagana um landið allt. Það segir líka mikla sögu um uppeldi og þjálfun sem hreyfingin veitir að Íslendingarnir tveir sem staðið hafa á verðlaunapalli Ólympíuleika vegna afreka í frjálsum ípróttum hafa bæði átt því láni að fagna að vera fósturuð af ungmennafélögunum á fyrstu árum síns keppnisferlis. Ánægjulegt er að hafa þau bæði Vilhjálmi og Völu á landsmótinu nú, í reynd heimamenn á gömlum slóðum, sönnun þess að ungmennahreyfingin hefur verið og er enn sá vettvangur sem færir Íslendingum afreksfólk í sérflokkum á mælikvarða heimsins alls og veitir þúsundum um leið tækifæri til þjálfunar og þátttöku í þroskandi starfi.

Það er þróttmikil og sókndjörf hreyfing sem hér gengur til móts við nýja tíma, hreykin af sögu sinni og staðráðin í að vera áfram öflugur gerandi á framtíðarbraut íslenskrar þjóðar, hreyfing sem er í senn samgróin mannlífi byggðanna og burðarás í ípróttalífi Íslendinga.

Ég færi Ungmennafélagi Íslands alúðarþakkir íslenskrar þjóðar og ber fram þá einlægu ósk að ný öld færir hreyfingunni í senn árangur og sóknarfæri sem samboðin verði þeirri merku sögu sem við heiðrum nú.

Ykkur öllum sem hingað eruð komin til keppni og leiks óska ég heilla og gleði, að ánægjan verði veganesti þegar heim skal halda, hver svo sem úrslitin verða í einstakri grein.

Austfirðingum færi ég heillaóskir í tilefni þess að hafa hér sýnt í verki metnað og atorku fólksins sem í fjórðungnum býr og óska ég jafnframt Vestfirðingum velfarðar við að hefja undirbúning að landsmótinu sem þar verður haldið. Við sjáum hér svo sannarlega hvernig ungmennahreyfingin veitir enn á okkar tíð byggðunum tækifæri til að sýna í verki aflið og samstöðuna sem í þeim búa, vitnisburð um að hugsjónin sem í árdaga var frumherjunum leiðarljós heldur áfram að vera hvatning til dáða.

Megi gæfa og farsæld fylgja Ungmennafélagi Íslands um ókomna tíð.